



# Reglugerð HSÍ um dómara og eftirlitsmenn

## I. Kafli Dómarar

### 1. gr. Flokkun dómara

Handknattleiksdómurum skal skipað í eftirfarandi þrjá flokka eftir kunnáttu og reynslu:

- a) A-stigs dómarar
- b) B-stigs dómarar
- c) C-stigs dómarar

Dómaranefnd HSÍ tekur ákvörðun um færslu dómara á milli flokka.

### 2. gr. A-stigs dómarar

Til þess að hljóta réttindi sem A-stigs dómari þarf dómaraefnið að verða a.m.k. 15 ára á árinu og hafa sótt sérstakt námskeið fyrir A-stigs dómara á vegum dómaranefndar HSÍ. Námskeið fyrir A-stigs dómara skulu haldin af félögunum í samráði við HSÍ, sem útvegar rafrænt námsefni og skriflegt próf.

Dómaraefni skal standast tvíþætt próf, skriflegt próf hjá HSÍ og verklegt próf hjá sínu félagi metið af B eða C stigs dómara.

A-stigs dómari hefur réttindi til að dæma leiki frá og með 8. flokki til og með 5. flokki.

### 3. gr. B-stigs dómarar

B-stigs dómari getur hver sá orðið, sem starfað hefur sem A-stigs dómari síðastliðið ár og dæmt að minnsta kosti 15 leiki á vegum HSÍ og einnig lokið námskeiði fyrir B-stigs dómara á vegum dómaranefndar HSÍ. Námskeið fyrir B-stigs dómara skulu haldin af félögunum í samráði við HSÍ, sem útvegar rafrænt námsefni og skriflegt próf.

Dómaraefni skal standast tvíþætt próf, skriflegt próf hjá HSÍ og verklegt próf hjá sínu félagi metið af C stigs dómara.

B-stigs dómari hefur réttindi til að dæma alla leiki nema: leiki í meistaraflokki og 2. flokki karla, úrslitaleiki yngri flokka og bikarkeppni yngri flokka.

Dómaranefnd HSÍ getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum, þegar sérstaklega stendur á og er nefndinni þannig heimilt að meta kunnáttu og reynslu A-stigs dómara og veita honum réttindi sem B-stigs dómara án þess að hann hafi lokið sérstöku námskeiði fyrir B-stigs dómara.



#### **4. gr. C-stigs dómara**

C-stigs dómari getur hver sá orðið, sem starfað hefur sem B-stigs dómari síðastliðin 2 ár og lokið námskeiði sem haldið er af dómara nefnd HSÍ. Námskeið fyrir C-stigs dómara skulu haldin að minnsta kosti einu sinni á ári.

Dómara nefnd HSÍ getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum, þegar sérstaklega stendur á og er nefndinni þannig heimilt að meta kunnáttu og reynslu A eða B-stigs dómara og veita honum réttindi sem C-stigs dómara án þess að hann hafi lokið sérstöku námskeiði fyrir C-stigs dómara.

Dómaraefni skal standast þríþætt próf, skriflegt, verklegt og líkamlegt og skulu þessi próf vera í samræmi við EHF/IHF próf á hverjum tíma.

C-stigs dómari hefur réttindi til að dæma alla leiki.

Dómara nefnd HSÍ velur árlega deildardómara úr hópi C-stigs dómara og skulu þeir einir dæma leiki í meistaraflokki, 2. flokki karla, úrslitaleiki yngri flokka og í bikarkeppni yngri flokka.

Deildardómara skulu gangast undir og standast skriflegt próf í dómarafræðum og sérstakt þolpróf dómara nefndar HSÍ að minnsta kosti tvisvar á ári.

Deildardómurum skal skipt í eftirfarandi fjóra flokka:

##### **Hópur 1**

Dæma í efstu deildum karla og kvenna og alla úrslitaleiki, hvort sem er í deildar-, bikar- eða úrslitakeppni meistaraflokks.

##### **Hópur 2**

Dæma í efstu og næstefstu deildum karla og kvenna, næsta skref er að dæma úrslitaleiki í meistaraflokki.

##### **Hópur 3**

Dæma reglulega í næstefstu deildum karla og kvenna og 2. deild, næsta skref er að dæma reglulega í efstu deildum.

##### **Hópur 4**

Dæma í 2. deild og yngri flokkum, næsta skref er að dæma reglulega í næstefstu deildum.



Ofangreind skipting skal vera til viðmiðunar þegar dómurum er raðað niður á leiki. Dómaranefnd HSÍ getur veitt undanþágu frá ofangreindum ákvæðum um skiptingu deildardómara og starfssvið þeirra, þegar sérstaklega stendur á og hefur leyfi til að bregða út frá þessum flokkum í niðurröðun í einstökum tilfellum.

### **5. gr. Virkir dómara**

Aðeins virkir dómara skulu dæma leiki, er fram fara innan HSÍ.

Virkir dómara teljast þeir sem starfað hafa við að minnsta kosti 15 leiki á síðastliðnu ári eða við 20 leiki á síðastliðnum tveimur árum á vegum aðila innan HSÍ. Leikir í hraðmótum félaga og æfingarleikir eru metnir sérstaklega. Aðildarfélög HSÍ skulu halda skrá um leiki dómara innan þeirra félaga.

Óski dómari, sem ekki getur talist virkur samkvæmt fyrrgreindu ákvæði, eftir að öðlast dómaraéttindi á ný, skal hann og/eða félag hans senda dómaranefnd HSÍ beiðni þar um. Nefndin tekur síðan ákvörðun um hvort og hvers konar réttindi veitast á ný og getur veitt undanþágu frá fyrrgreindum skilyrðum við útgáfu réttinda.

Stjórnarmenn HDSÍ, og eftirlitsmenn dómaranefndar sem og heiðursfélagar HDSÍ, sem hlotið hafa dómaraéttindi, teljast virkir dómara.

### **6. gr. Svípting dómaraéttinda**

Framkvæmdastjóri HSÍ getur meinað virkum dómara að starfa á leikjum á vegum HSÍ tímabundið, í allt að 4 vikur, ef dómari hefur brotið siðareglur HSÍ eða veldur ekki starfi sínu ítrekað. Ef gripið er til þessa úrræðis, skal framkvæmdastjóri HSÍ senda stjórn HSÍ erindi um málið eins fljótt og auðið er og skal stjórn taka málið fyrir á næsta fundi sínum. Stjórn skal taka málið til ákvörðunar að fengnu álitni dómaranefndar og ákveða um framhald þess. Stjórn getur fellt niður ákvörðun framkvæmdastjóra HSÍ eða ákveðið málsmeðferð skv. 2. mgr.

Stjórn HSÍ getur svipt dómara réttindum eða vísað máli til aganefndar í samræmi við ákvæði VI. kafla reglugerðar HSÍ um agamál.

### **7. gr. Félagaskipti dómara**

Dómara er heimilt að skipta um félag frá 1. júní – 1. september ár hvert og ber dómara að dæma fyrir það félag, sem hann er skráður í og er honum ekki heimilt að dæma hjá því félagi í meistaraflokki. Þó er dómara, sem skiptir um félag, ekki heimilt að dæma hjá því félagi, sem hann gengur úr næsta keppnistímabil þar á eftir hafi viðkomandi leikið með eða gegnt trúnaðarstörfum hjá því félagi.

Milliríkjadómara, EHF/IHF, eru undanþegnir félagaskyldu og geta dæmt hjá hvaða félagi sem er.



## II. Kafli Eftirlitsmenn

### 8. gr. Eftirlitsmenn

Dómaranefnd HSÍ tilnefnir eftirlitsmenn á leiki í meistaraflokkum karla og kvenna þegar ástæða er talin til, svo og á aðra þá leiki sem dómaranefnd kann að ákveða. Hlutverk eftirlitsmanna er að fylgjast með og gefa skýrslu um frammistöðu dómara og umgjörð leikja. Skýrslur eftirlitsmanna skulu gerðar á sérstökum eyðublöðum, sem dómara- og mótanefnd útbúa og leggja til, og skal útfylling og frágangur vera skv. leiðbeiningum nefndanna. Eftirlitsmenn skulu senda skýrslur sínar með tölvupósti til skrifstofu HSÍ innan sólarhrings frá því að leik lýkur.

Eftirlitsmenn skulu einnig halda tæknifund og fylgjast með framkvæmd leiks samanber 18. gr. í reglugerð um handknattleiksmót.

## III. Kafli Skyldur félaga

### 9. gr. Tilnefning dómara

Með hverri þátttökutilkynningu fyrir meistaraflokkslið skal félag tilgreina tvo starfandi C-stigs dómara fyrir næsta keppnistímabil. Einnig skal koma fram nafn þess sem hefur umsjón með málefnum dómara hjá félaginu.

Fyrir hvern meistaraflokksleik sem félag leikur án þess að uppfylla ofangreind skilyrði er HSÍ heimilt að sekta viðkomandi félag um kr. 5.000 til HSÍ fyrir hvern dómara sem ekki hefur verið tilgreindur réttilega til HSÍ.

### 10. gr. Ritara- og tímaverðir

Dómaranefnd HSÍ heldur árlega námskeið fyrir ritara- og tímaverði.

Félög sem taka þátt í efstu deild mfl. karla og kvenna er skylt að hafa lágmark 4 starfsmenn, sem hafa tekið námskeið í ritara- og tímavörslu. Þessir starfsmenn ásamt virkum B og C-stigs dómurum eru þeir einu sem geta starfað sem ritara- og tímaverðir í efstu deild meistaraflokks karla og kvenna. Félag skal tilnefna aðila til að sjá um að þessir starfsmenn þekki vel til verka og sé kynntar reglulega leiðbeiningar um störf þeirra.

### 11. gr. Þjálfarafundur

Félögum sem taka þátt í meistaraflokki karla og kvenna er skylt að senda þjálfara liðanna á fund, sem dómaranefnd boðar til í upphafi hvers keppnistímabils, til að fara yfir leikreglur og áherslur dómaranefndar.



Mæti ekki þjálfari félags á ofangreindan fund er stjórn HSÍ heimilt að sekta viðkomandi félag um allt að kr. 50.000,- hafi viðkomandi ekki lögþæta ástæðu fyrir fjarveru sinni.

## **IV. Kafli Önnur ákvæði**

### **12. gr. Mæting dómara**

Dómarar og eftirlitsmenn skulu vera mættir á leikstað, á þá leiki sem dómaranefnd HSÍ raðar á, 60 mínútum áður en leikur á að hefjast. Viðkomandi heimalið skal hafa samband við dómaranefnd/starfsmann HSÍ ef dómarar eru ekki mættir 40 mínútum áður en leikur á að hefjast.

### **13. gr. Forföll dómara**

Forfallist dómari, fyrir eða í leik, er dómaranefnd, starfsmaður dómaranefndar eða framkvæmdastjóra HSÍ heimilt að kalla til annan virkan dómara í stað þess sem forfallast. Í undanúrslitum og úrslitaleikjum Íslandsmóts meistaraflokka og í undan- og úrslitaleikjum bikarkeppni meistaraflokka er dómaranefnd heimilt að hafa varadómara til staðar á keppnisstað.

### **14. gr. Fjarskiptabúnaður**

Dómurum ber skylda að nota fjarskiptabúnað (talstöðvar) í efstu deildum meistaraflokka karla og kvenna, í bikarkeppni meistaraflokka frá og með 16-liða úrslitum, í umspili um sæti í efstu deild meistaraflokka, í úrslitakeppnum meistaraflokka og öllum úrslitaleikjum yngri flokka.

Þó ber að taka tillit til þess að bilun getur komið upp í fjarskiptabúnaði og skal þá tilkynna það á leikstað.

Eftirlitsmanni er heimilt að vera tengdur inná fjarskiptabúnað dómara í öllum leikjum.

### **15. gr. Gjöld og kostnaður**

Aðildarfélög HSÍ bera allan kostnað vegna dómgæslu leikja sinna en HSÍ sér um innheimtu þess kostnaðar og greiðir til dómara. HSÍ áætla fyrir hvert keppnistímabil dómarakostnað hvers félags og gefur út greiðslu- og gjalddagaáætlun til félaga fyrir upphaf keppnistímabils. Gjöldin eru innheimt í nokkrum gjalddögum, ekki færri en fjórum, þar sem fyrstu gjalddagar byggja á áætlun en síðasta greiðsla félags er uppgjörsgreiðsla.

Falli einn eða fleiri gjalddagar í vanskil skv. útgefinni greiðsluáætlun skal HSÍ senda félagi greiðslukröfu. Sinni félag ekki áskorun um greiðslu innan 15 daga frá birtingu áskorunar skal stjórn draga 2 stig af því meistaraflokksliði félagsins sem best stendur á þeim tíma sem ákvörðun er



tekin. Við mat á því hvaða lið stendur best skal taka mið af 20. gr. reglugerðar um handknattleiksmót.

Gjaldskrá dómara ákvarðast árlega af stjórn HDSÍ fyrir nk. keppnistímabil. Gjaldskrá HDSÍ öðlast ekki gildi fyrr en með samþykki stjórnar HSÍ. Stjórn HSÍ er heimilt að óska eftir frekari rökstuðningi eða fara fram á breytingar á tillögum HDSÍ ef þurfa þykir.

Mæti dómarar ekki til leiks í deildar- og bikarleiki, án gildra ástæðna, þannig að leikur fellur niður, skal HSÍ standa straum af þeim kostnaði sem félögin verða sannanlega fyrir.

### **16. gr. Kæurur**

Ekki er hægt að kæra eða mótmæla úrskurði dómara á leikvelli, sem byggður er á mati hans á stöðunni í hverju tilviki.

### **17. gr. Myndbönd og myndbandssannanir**

Dómarar leikja geta nýtt sér myndbandsupptökur til lokaákvörðunar um dóma í leikjum sem eru í beinni sjónvarpsútsendingu sé slíkt í boði. Þrátt fyrir þessa heimild skulu dómarar í einu og öllu fara eftir leikreglum IHF í sínum ákvörðunum og er ekki um að ræða breytingu á þeim reglum og viðmiðunum sem nú gilda.

Dómaranefnd skal setja nánari reglur um notkun á myndbandsupptökum við ákvarðanatöku.

## **V. Kafli GILDISTAKA**

### **18. gr. Gildistaka**

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. grein laga HSÍ og öðlast þegar gildi. Við gildistöku hennar fellur úr gildi eldri reglugerð HSÍ um dómara og eftirlitsmenn.

*Samþykkt af stjórn HSÍ 2. nóvember 2022.*